

launin í héraði eiga að greiðast yfirdómsmálflutningsmanni Ólafi Lárussyni, er var skipaður málflutningsmaður hreppsnefndarinnar.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 kr. Hinum skipaða málflutningsmanni áfrýjanda verður eigi dæmt málflutningskaup, með því að hann hefir eigi krafist þess, en það vottast að vörn málsins fyrir undirrétti og sókn fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur skal vera óraskaður, þó svo að málsvarnarlaunin greiðist yfirdómsmálflutningsmanni Ólafi Lárussyni.

Áfrýjandi hreppsnefnd Torfalækjarhrepps greiði stefnda Sigurgeir Einarssyni 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 9. september 1918.

Nr. 2/1918.

Ásmundur Eiriksson  
gegn  
Páli Jónssyni.

## D ó m u r:

Mál þetta höfðaði hinn stefndi Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir gestarétti Árnæssýslu gegn áfrýjanda Ásmundi Eiríkssyni bónda á Apavatni í Grímsnesi til greiðslu á 1490 kr. 50 a. er hann taldi sig eiga hjá áfrýjanda útaf innheimtu á skuld. Lauk því máli svo fyrir gestaréttinum með dómi uppkveðnum 17. okt. f. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 1285 kr. 50 aura ásamt 5% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. jan. þ. á. og krefst hann þess, að dómnum verði breytt þannig, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda gegn því að greiða honum 55 kr. 50 a. og stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi krefst þess hinsvegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að í októbermánuði 1916 fól áfrýjandi þessa máls stefnda að innheimta skuld, er hann taldi til hjá kaupmanni einum á Stokkseyri. Í marzmán. 1917 fór stefndi austur á Stokkseyri til að innheimta skuldina, og með því hlutaðeigandi kaupmaður reyndist ófáanlegur til þess að greiða hana, lét stefndi gjöra kyrsetningu hjá honum og hélt málinu áfram eins og lög stóðu til, að hann segir, en meðan á þessum málarekstri síð, tilkynti áfrýjandi stefnda með símskeyti 18. maí 1917,



að hann hefði sæzt á málið við hlutaðeigandi kaupmann og afturkallaði innheimtu-umboðið, og þetta itrekaði hann með bréfi dags. 23. s. m.

Stefndi heldur því nú fram, að svo hafi verið umsamið, er hann tók að sér innheimtu á umgetinni skuld, að áfrýjandi skyldi greiða honum allan kostnað, er hann legði út vegna innheimtunnar, og fyrir starfa sinn skyldi hann (stefndi) hafa 10% af fyrstu 1000 kr. sem hann innheimti, 15% af næstu 1000 kr. og 20% af því, sem hann næði inn þar fram yfir. Telur stefndi að sér beri umsamin innheimtulaun af allri skuldinni, 6900 kr., þótt hann vegna afturköllunar á umboðinu innheimti ekkert af henni. Samkvæmt þessu taldi stefndi að hann ætti hjá áfrýjanda eftirstöðvar af útlögðum kostnaði vegna innheimtunnar 260 kr. 50 a. og umsamin innheimtulaun 1230 kr.

I undirrétti var áfrýjandi dæmdur til að greiða 55 kr. 50 a. af hinni fyrtöldu upphæð svo og umsamin innheimtulaun 1230 kr. Er enginn ágreiningur hér fyrir réttinum um fyrri upphæðina, en ágreiningurinn er einungis um síðari upphæðina, innheimtulaunin.

Áfrýjandi heldur því fram, að þar sem hann hafi afturkallað umboðið áður en stefndu hafi innheimt nokkuð af skuldinni, þá geti ekki komið til mála, að stefndi geti reiknað sér nein innheimtulaun, en það sem honum gæti borið sé að eins hæfleg ómakslaun fyrir þá fyrirhöfn, er hann hafi haft við innheimtuna til þess tíma, er umboðið var afturkallað, og það hafi hann verið fús til að greiða, auk

Þess séu innheimtulaunin alt of hátt reiknuð og engin líkindi til þess að stefndi hefði getað innheimt nema lítinn hluta af kröfunni, og hefði áfrýjandi, er hann var búinn að kynna sér fjárhag skuldunauts svo og hvernig skuldakrafan var undir komin, gefið fullnaðarkvittun gegn því að hann greiddi sér 600 kr.

Umgetið innheimtuumboð hefir ekki verið lagt fram í málinu og um innihald þess eru engar þær upplýsingar fram komnar, er leiði til þess að ætla að áfrýjandi hafi ekki getað afturkallað það, er hann vildi. Hvaða innheimtulaunum stefnda hefir verið lofað, ef hann innheimti skuldina, virðist ekki skifta máli hér, með því að það verður að fallast á þá skoðun áfrýjanda að innheimtulaun þau, er málsaðilar höfðu komið sér saman um og miðuð voru við ákveðinn hluta af því, er stefndi kynni að geta innheimt, geti ekki verið réttur mælikvarði fyrir borgun til stefnda fyrir starf hans við umrædda innheimtu, úr því ekkert varð úr henni, og eins og gera verður ráð fyrir að áfrýjandi hafi haft heimild til að afturkalla innheimtuumboðið hvenær sem hann vildi, eins verður og að álíta, að hann, er hann afréð að afturkalla umboðið, sé ekki skyldur til að greiða stefnda annað en kostnað þann, er hann hefir haft vegna innheimtunnar svo og sanngjarna borgun fyrir starf hans henni viðvíkjandi þar til umboðið var afturkallað. Það sézt nú af framlögðum reikningi stefnda að hann hefir varið 11 dögum til ferðalags austur á Stokkseyri í þessu skyni og þykir hæfilegt að áfrýjandi greiði honum 15 kr. kaup á dag fyrir þessa daga eða 165 kr. og þar sem einnig sézt af máls-



skjölunum að stefndi hefir unnið að innheimtumálinu eftir að hann kom heim til sín úr þessari ferð, ber og að dæma áfrýjanda til að greiða honum þóknun fyrir það starf, er ákveðst 35 kr. eða alls 200 kr.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 55 50+200.00 alls kr. 255.50 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 2. ágúst f. á. til greiðsludags, en eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Ásmundur Eiríksson greiði stefnda Páli Jónssyni 255 kr. 50 a. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 9. sept. 1918.

Nr. 4/1918.

Magnús Tómasson  
gegn  
Þorvaldi Bjarnarsyni.